

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**808. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. október 2013 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Grettistaks ses.
2. Bréf Ungmennaráðs.
3. Ársreikningur Húnaþjóðs 2012.
4. Girðing á merkjum Engjabrekku og Þorgrímsstaða.

### Afgreiðslur:

1. Fram lagt aðalfundarboð Grettistaks ses. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 23. október nk. kl. 16:00 á Gauksmýri. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Fram lagt bréf ungmennaráðs þar sem gerð er tillaga um að veita kr. 40.000- til fræðsluverkefnis um neteinelti. Verkefnið er unnið í samstarfi við stýrihóp um forvarnir í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir styrkveitinguna.
3. Ársreikningur Húnaþjóðs fyrir árið 2012 lagður fram, samþykktur og undirritaður.
4. Sveitarstjóri gerði grein fyrir minnisblaði Landslaga vegna erindis Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur og Jóhannesar Óskars Sigurbjörnssonar um þátttöku Húnaþings vestra í kostnaði við girðingaframkvæmdir milli jarðanna Engjabrekku og Þorgrímsstaða. Samþykkt að vísa afgreiðslu erindisins til sveitarstjórnar.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Fram lagt bréf Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilkynnt er um að Húnaþingi vestra hafi verið úthlutað 55 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2013/2014. Byggðarráð felur sveitarstjóra að leita skýringa á skerðingu úthlutaðs byggðakvóta til Húnaþings vestra. Þá samþykkir byggðarráð að setja sérstakar reglur um úthlutun byggðakvótans en þær reglur skal senda ráðuneytinu eigi síðar en 1. nóvember nk. Formanni byggðarráðs og sveitarstjóra falið að leggja fram drög að úthlutunarreglum.
6. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 14. október sl. lagt fram. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við framkvæmd og skipulag skólaaksturs á Vatnsnesi með tilliti til samanlagðs aksturs- og biðtíma grunnskólanemenda. Bréfið er ritað í framhaldi af bréfi Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur, Ölgu Lindar Geirsdóttur og Baldurs Heimissonar til ráðuneytisins. Það er mat ráðuneytisins að Húnaþingi vestra beri að endurskipuleggja skólaakstur á umræddri akstursleið. Byggðarráð felur sveitarstjóra að leita ráðgjafar lögmanns sveitarfélagsins og lögmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins.
7. Fundur með Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis. Byggðarráð fór yfir ýmiss áhersluatriði sveitarstjórnar sem kynnt verða þingmönnum kjördæmisins á fundi sem haldinn verður kl. 14:00 í dag í Blöndustöð í Húnavatnshreppi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 11:05

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.